

3. fundur Skólaráðs – 4. mars 2021.

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Erla Kristjánsdóttir og Rúna Björk Júlíusdóttir, fulltrúar foreldra, Tómas Heiðar Helgason og Kristín Vala Björgvinsdóttir 6. bekk fulltrúar nemanda. Ingibjörg Eðvaldsdóttir og Guðrún Kjartansdóttir fulltrúar kennara boðuðu forföll. Örn Arnarsson fulltrúi grendarsamfélagsins.

Fundurinn hófst kl. 8:20

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2021-2022 – Lögð fram drög að skóladagatali Engidalskóla 2021-2022. Engar athugasemdir gerðar við drögin að dagatalinu og það samþykkt.
2. Skipulag næsta árs – Margrét kynnti hugmynd að breyttu skipulagi á skólastarfi. Fundarmenn sýndu hugmyndinni áhuga og telja það verði skólastarfi til bóta.
3. Skólabyrjun – Rætt um skólabyrjun að morgni í framhaldi af ályktun ungmennaráðs Hafnarfjarðar. Mikilvægt að fá sýn foreldra á hvort vilji er til að breyta skólabyrjun. Fulltrúi foreldra mun ræða við stjórn foreldrafélagsins um að koma að könnun meðal foreldra.
4. Heimanám - Rætt um heimanám og hvað sé hæfilegt magn. Vilji er til að gera könnun meðal foreldra. Fulltrúi foreldra kannar hvort stjórn foreldrafélagsins vill halda utan um þá könnun.
5. Skólalóðin – Lagt fram minnisblað með úttekt á skólalóðum og hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Skipt verður út leiktæki á neðra svæði lóðarinnar (fyrir framan Álfakot) nú í sumar.
6. Önnur mál – Engin önnur mál

Fundi slitið kl.9:10

Ritari: Margrét Halldórsdóttir